

## 3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. reglugerðarinnar:

- a. Orðin „en eindagi er síðasti dagur næsta mánaðar eftir gjalddaga“ í 1. málsl. 1. mgr. falla brott og við bætist nýr málslíður er verður 2. málsl. og orðast svo: Eindagar bifreiðagjalds eru 15. febrúar og 15. ágúst ár hvert.
- b. Í stað fjárhæðarinnar „1.141 kr.“ í 3. málsl. 3. mgr. kemur: 523 kr.

## 4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. reglugerðarinnar:

- a. Við 1. mgr. bætist nýr málslíður er verður 3. málsl. sem orðast svo: Eiganda eða umráðamanni bifreiðar er þó ekki skylt að færa sönnur á að hafa greitt gjaldfallið bifreiðagjald fyrr en eftir eindaga.
- b. Við greinina bætist ný málsgrein er verður svohljóðandi:  
Óheimilt er að skrá eigendaskipti að bifreið nema gjaldfallið bifreiðagjald hafi áður verið greitt.

## 5. gr.

6. gr. orðast svo:

Innheimtumaður ríkissjóðs annast álagningu, niðurfellingu og aðra framkvæmd bifreiðagjalds samkvæmt reglugerð þessari. Ákvörðun innheimtumanns ríkissjóðs um bifreiðagjald er kæránleg til fjármálaráðuneytisins í samræmi við stjórnýslulög nr. 37/1993.

## 6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað orðanna „lögreglustjórar, í Reykjavík tollstjóri“ í 1. mgr. kemur: innheimtumenn ríkissjóðs.
- b. Í stað orðanna „Bifreiðaskoðun Íslands hf.“ kemur: skoðunarstöðvum.

## 7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytinu, 12. desember 1996.*

F. h. r.

**Jón Guðmundsson.**

*Hermann Jónasson.*

## REGLUGERÐ

**um útreikning örorkulífeyris og tekjutryggingar hjá örorkulífeyrisþegum,  
sem fengið hafa eingreiðslu skaðabóta.**

## 1. gr.

Við útreikning örorkulífeyris og tekjutryggingar, sbr. 12. og 17. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993 er Tryggingastofnun ríkisins heimilt frá 1. september 1996 að hækka tekjuviðmiðun þeirra lífeyrisþega sem fengið hafa eingreiðslu skaðabóta vegna

örorku að frádregnum áætluðum örorkulífeyri og tekjutryggingu til framtíðar frá Tryggingastofnun ríkisins.

## 2. gr.

Bótaþegi, sem óskar eftir útreikningi, sbr. 1. gr. skal leggja fram gögn um greiðslu skaðabóta og frádrátt vegna áætlaðs örorkulífeyris og tekjutryggingar frá Tryggingastofnun ríkisins.

## 3. gr.

Lífeyrstryggingadeild skal vinna úr þeim gögnum skv. eftirfarandi formúlu:

$$F \cdot \frac{(H - B)}{H} : 2 = F1$$

Skýringar:

H = Heildarbætur í eingreiðslu án skerðingar vegna TR

B = Reiknaðar heildarbætur frá TR sem dregnar eru frá heildarbótum

F = Fjármagnstekjur skv. skattframtali

:2 = 50% fjármagnstekna

F1 = Fjármagnstekjur pr. mánuð, eftir lækun vegna eingreiðslu skaðabóta

## 4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 1. gr. laga nr. 95/1996 og 28. gr. laga nr. 144/1995, sbr. 10. gr. almannatryggingalaga nr. 117/1993 öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 16. desember 1996.*

**Ingibjörg Pálmadóttir.**

*Davíð Á. Gunnarsson.*

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 508/1996 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á blómum.

## 1. gr.

Við upptalningu í 2. gr. reglugerðarinnar bætist eftirfarandi:

Tollnúmer:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr/kg
0602.9093	Aðrar pottaplöntur til og með 1 m á hæð	01.01.-30.04.97	2.500	30	0
0603.1009	Annars (afskorin blóm)	01.01.-30.04.97	5.500	30	0
<i>Úr tollnúmeri:</i>					
0603.1009	Forsythia (páskagreinar)	01.03.-31.03.97	ótilgr.	30	0

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. breytingu með lögum nr. 87/1995 og öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 17. desember 1996.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Jón Höskuldsson.*